Við styðjum þig



# Appalo

## Notendaleiðbeiningar


**Trönuhrauni 8**

**220 Hafnarfjörður**

**Sími 565 2885 / Fax 565 1423**

**stod@stod.is / www.stod.is**

# Notendaleiðbeiningar fyrir Apollo salernisupphækkun

***Uppsetning***

Festingarnar settar á salernisupphækkunina: Snúið henni upp (á hvolf), leggið hana á sléttan flöt og festið L-laga festingarnar í raufarnar. Ýtið létt á aðra festinguna og snúið stillihnappnum réttsælis þangað til hann grípur í. Gerið eins fyrir hina festinguna. Stillið festingarnar þannig af að bilið á milli þeirra sé breiðara en salernisskálin. Lyftið setunni sem fyrir er upp og komið salernisupphækkuninni fyrir á salerninu þannig að festingarnar snúi aftur og hakið snúi fram. Snúið stillihnöppunum réttsælis þangað til komin er mótstaða og upphækkunin hreyfist ekki lengur til. Gangið ávallt úr skugga um að salernisupphækkunin sé vel fest áður en hún er notuð.

***ATHUGIÐ****:* Festingarnar eru sérhannaðar þannig að auðvelt sé að festa þær og því er nauðsynlegt að þær séu ekki hertar of mikið. Hættið að herða þegar mótstaða finnst.

***Þrif***

Alla hluti salernisupphækkunarinnar má þrífa með volgu vatni og venjulegri sápu. Aðrir möguleikar eru að setja upphækkunina á kaf í vatn og/eða dauðhreinsa hana (án festinga) í gufukatli við 85°C í 1 mínútu.

***Varúðarráðstafanir***

Hámarks þyngd sem upphækkunin getur borið er 200 kg. Alltaf þarf að gæta þess að salernisupphækkunin sé vel fest fyrir notkun. Að auki má notandi ekki styðja sig við upphækkunina þegar hann sest niður eða rís á fætur.

***Upplýsingar***

Hámarks þyngd: 200 kg.
Stærð: 40,7 x 36,6 cm.
Stærð ops: 26 x 20 cm.